

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 25. ágúst 2020

24. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 16.30.

Fundargerð:

1. Fræðslu- og uppeldismál

- Skýrsla af síðasta fundi verkefnanefndar Varmahlíðarskóla sem haldin var þann 20. ágúst.
- Önnur mál er varða skólahald haustið 2020.

2. Erindi vegna viðbyggingar við verknámshús FNV

Lagt fram bréf frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dagsett 18. maí 2020, varðandi könnun á vilja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til að koma að viðbyggingu við verknámshús Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Hreppsnefnd Akrahrepps tekur undir með hinum aðildarsveitarfélögunum og fagnar áformum um stækkun verknámshúss FNV.

Hreppsnefnd Akrahrepps tekur jákvætt í erindið með fyrirvara um aðkomu ríkisins ásamt endanlegri kostnaðar- og framkvæmdaráætlun.

3. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 57. fundar stjórnar SSNV, 3. júlí 2020.
- Fundargerð stjórnar MN, 13. júlí 2020

4. Óskir um umsagnir

- Beiðni um umsögn um tillögu að matsáætlun vegna Blöndulínu 3.
- Beiðni um umsögn vegna vinnslutillögu aðalskipulags Svf. Skagafjarðar 2020-2035.

5. Þormóðsholt – umsókn um landskipti

Tillaga frá fundi skipulags- og byggingarnefndar frá 5. ágúst sl., liður 1. Umsókn um landskipti í Þormóðsholti. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti landskiptin fyrir sitt leiti.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.

6. Stóru – Akrar 1b, lagfæringar á heimreið

Til stendur að malbika hluta heimreiðar að Stóru-Ökrum 1b til að rykbinda. Hreppsnefnd er beðin um að taka afstöðu til þess hvort vilji sé til þess að malbika kringum Héðinsminni á sama tíma. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en oddvita falið að kanna málið.

7. Styrkbeiðni frá útgefendum sögu fréttablaðsins Dags á Akureyri 1918 – 1996.

Erindi frá Jóhanni Karli Sigurðssyni, vegna útgáfu á sögu blaðsins Dags, dags. 21. ágúst 2020.

Hreppsnefnd hafnar erindinu.

8. Erindi frá sóknarnefnd Silfrastaðakirkjugarðs

Sóknarnefnd óskar eftir því að Akrahreppur kosti gerð slóðans, sem bæði sé vegur að kirkjugarðinum og einnig undirstaða undir girðinguna. Sóknin kosti vinnu við endurhleðslu kirkjugarðsveggjar.

Oddviti vék af fundi. Hreppsnefnd samþykkir erindið.

9. Sumarstarf 2020 – hnitsetning gönguleiða í Skagafirði.

Oddviti upplýsir um framgang verkefnisins.

Lena Heinze, sumarstarfsmaður Akrahrepps, hefur hnitað 11 leiðir í sumar og eru þær allar aðgengilegar á smáforritinu Wikiloc undir merkingunni *northwesticeland*. Vinna heldur áfram í að kynna leiðirnar fyrir áhugasömum.

10. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Lögð fram til kynningar skýrsla sem unnin var af HLH Ráðgjöf.

11. Göngur og réttir haustið 2020

Sveitarstjórn staðfestir reglur fyrir göngur og réttir að fyrirmælum Almannaþingarinnar, gangnamenn viðhafi smitgát samkvæmt reglum vegna covid-19.

Ekki verður gist í Heiðarlandi haustið 2020.

Smalafólk sér um að nestast sig sjálf, bæði í göngum og réttum. Það verður hvorki mótuneyti í Heiðarlandi né boðið uppá réttarkaffi við Silfrastaðarétt.

Sveitarstjórn felur fjallskilastjóra að framfylgja reglum vegna covid-19.

12. Önnur mál

Eitt mál tekið fyrir með afbrigðum, starfshlutfall oddvita. Hreppsnefnd ákvað að hækka hlutfallið úr 28% í 50%.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20.19

Næsti hreppsnefndarfundur áætlaður 21. október nk.